

## Viðauki 4

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Skerðingsstöðum í Eyrarsveit,  
Snæfellsnessýslu



Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á  
Skerðingsstöðum í Eyrarsveit,  
Snæfellsnessýslu



Bjarni F. Einarsson  
2016

Forsíðumyndin sýnir vesturhluta nessins sem Skerðingsstaðir stóðu á. (Horft mót N. Ljósm. BFE).

## **F**ORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson  
Unnið fyrir Jogk ehf  
Mars 2016

### ***Inngangur***

Að beiðni Zeppelin arkitekta fyrir hönd Jogh ehf., kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar á framkvæmdasvæði fyrirhugaðrar frístundabyggðar á tanganum sem eyðibýlið Skerðingsstaðir standa á, við sunnanverðan Lárvaðal (sjá mynd 1 og 2).

Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem einstaka fornleifaskrár, örnefnaskrár, Sýslu- og sóknarlýsingar, Sýslulýsingar og Manntöl frá 1703 og 1847.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram þann 24. mars síðastliðinn. Veður var sæmilegt á meðan á vettvangsvinnu stóð. Aðeins voru fornleifar skráðar innan deiliskipulagsreitarins, en óskráðra rústa varð vart utan við hann. Áður hefur fornleifaskráning farið fram í sveitarfélaginu og þær minjar sem þá voru skráðar voru endurskráðar og endurmetnar við þessa skráningu, enda hafa komið til nýjir þættir sem metnir eru (Jóna Kristín Ámundadóttir o. fl. 2005).

Í ofangreindri fornleifaskrá frá 2005 vegna aðalskipulags sveitarfélagsins voru fjórar fornleifar skráðar á deiliskipulagsreitnum. Þær voru; túngarður (nr. 301:1), eyðibýlið Skerðingsstaðir eða tveir bæjarhólar bæjarins (nr. 302:1) og rústir (nr. 303:1-2). Við bættust nú þrjár fornleifar, tveir garðar (nr. 327:1 og 328:1) og rúst (nr. 329:1).

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er á mynd 2 og í töflu 1, auk meðfylgjandi fornleifaskrár.

Byrjað var á næsta lausa númeri í sveitarfélaginu (Eyrarsveit).

Fulltrúi verkkaupa var Orri Árnason hjá Zeppelin arkitektum.

## Skráningin

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmda aðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.). Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.



Mynd 1. Deiliskipulagsreiturinn í landi Skerðingsstaða sem skoðaður var. Staðsetning fornleifanna er sýnd á mynd 2. (Loftmyndir ehf. Viðbætur BFE).

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa. Engar friðlýstar fornleifar eru í nánasta nágrenni könnunarsvæðisins, en næstu friðlýstu minjar eru hjá Krossnesi handan Lárvaðals, „Tóftir hins forna bæjar, sem var vestar en nú er bærinn, ...“ (Fornleifaskrá 1990:26).

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislug.	Frólysja	Mótvægisáðg.
<b>Eyr.</b>										
301:1	Túngarður	1	Landeyðing	Talsverð	Sæm.	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Pversnið
302:1	Bæjarhólar	2	Ábúð	Talsverð	Sæm.	1550-1900	Hátt (7,5)	Hátt (7,5)	Nei	Rannsókn
303:1-2	Rústir	2	Landeyðing	Talsverð	Sæm.	1550-1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Nei	Rannsókn
303:1	Rúst	1	Landeyðing	Talsverð	Sæm.	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Pversnið
303:2	Rúst	1	Landeyðing	Lítill	Sæm.	1550-1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Nei	Rannsókn
327:1	Túngarður	1	Landeyðing	Talsverð	Sæm.	1550-1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei	Pversnið
328:1	Garður	1	Ábúð	Lítill	Lélegt	1550-1900	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei	Pversnið
329:1	Rúst	1	Ábúð	Lítill	Sæm.	1550-1900	Talsvert (7)	Talsvert (7)	Nei	Rannsókn
<b>6 staðir</b>		<b>8st</b>					Meðalt. 4,79	Meðalt. 4,79		

Tafla yfir skráðar fornleifar á deiliskipulagsreit Skerðingsstaða í Eyarsveit. Með mótvægisáðgerðum er átt við aðgerðir ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna. Rannsóknir geta verið allt frá einföldum leitarskurði til heildar rannsókna á mannvirkjunum. Minjastofnun Íslands ákvarðar umfang og eðli slíkra rannsókna.



Mynd 2. Staðsetningar hinna skráðu fornleifa á nesinu í landi Skerðingsstaða. (Lofmynd: Loftmyndir ehf. Viðbætur: BFE).

Samtals voru átta fornleifar undir sex aðalnúmerum skráðar í tengslum við vettvangskönnunina (sjá nánar meðfylgjandi fornleifaskrá).

Þó bæjarhólar Skerðingsstaða (nr. 302:1) hafi verið sléttaðir þýðir það ekki að undir sverðinum leynist ekki miklar leifar um býlið þó efstu og yngstu lögin kunni að vera löskuð. Bæjar með þessu nafni er getið í Jarðabók Árna Magnússonar frá 1703 (Manntal á Íslandi 1924:125). Þá eru taldar þrjár hjáleigur í land Skerðingsstaða, þær Bakki, Fornakot og Tröð. Á Bakka hýrðist Guðrún Bjarnadóttir, bláfátæk kona á framfæri sveitarinnar. Hinar eru byggðar öreigum. Í Jarðatali Johnsens frá árinu 1847 eru allar þessar hjáleigur taldar komnar í eyði fyrir mannaminni árið 1805 (Jarðatal 1847:151). Bakki er þar kallaður Bakkahjáleiga. Í elstu jarðbók Íslands, sem rituð var



Mynd 3. Rúst 303:2, hin meinta hjáleiga Tröð. (Ljósm. BFE).

1686/1697 er Skerðingsstaða getið án hjáleiganna og var jörðin talin vera 12 hundraða jörð og sú tala hélst æ síðan (Björn Lárusson 1967:169). Er það í meðaltali stór jörð á landsvísu.

Skerðingsstaða er fyrst getið í eignarskiftum Ólafar Loptsdóttur og sona hennar, þeirra Þorleifs og Einars Björnssona árið 1480, sem ritað var á Skarði þann 15. apríl þetta ár (Ísl. fornbréfasafn 1900-1904:254-56). Stuttu síðar er bæjarins aftur getið í skiftabréfi Ólafar eftir lát manns hennar Björns Þorleifssonar hirðstjóra árið 1467.

Enn er bæjarins getið í skiftabréfi (testamenti) Sólveigar Björnsdóttur, dóttur Ólafar og Björns hirðstjóra, árið 1495. Gefur Sólveig sonum sínum Þorleifi og Jóni Pálssonum ýmsar jarðir og þar á meðal Skerðingsstaði (Ísl. fornbréfasafn 1903-1907: 242-47).

Líklega eru rústir nr. 329:1 leifar Bakka eða Bakkahjáleigu, enda heitir rústin Bakkatóft í örnefnaskrá. Rústir nr. 303:1-2 gætu vel verið leifar hjáleigunnar Traðar, en skammt ofar við lækinn sem rennur rétt vestur af rústunum og heitir Bæjargil, er vað á læknum sem gæti hafa tengst tröðunum að bænum á Skerðingsstöðum. Túnið sem rústirnar eru í heitir Kottún. Fornakot kemur einnig til greina sem heiti á þessum rústum, enda eru mjög fornlegar rústir austan við áður nefndar rústir, á sjávarbakkanum. Þær eru fyrir utan könnunarsvæðið og því ekki skráðar sérstaklega. Þeirra er þó getið við rústir nr. 303:1-2. Líklegast hefur þó Fornakot staðið fyrir utan könnunarsvæðið ef það hefur þá ekki farið undir þjóðveginn.



Mynd 4. Rúst 307:1, hin meinta hjáleiga Bakki eða Bakkahjáleiga. Skarðið í bakkann til vinstri á myndinni gæti verið hrófið sem minnst er á í textanum (Ljósm. BFE).

Í Sýslu- og sóknarlýsingum segir að Skerðingsstaðir sæki sjávargagn í gegnum Lárós (Sýslu- og sóknarlýsingar 1970:164). Bendir það til þess að bátur hafi verið á bænum og þá hefur hann verið hafður í nausti eða öllu líklegra í hrófi þegar hann var ekki notaður. Engin örugg ummerki um slík mannvirki fundust, en þó er ekki útilokað að rétt vestan við könnunarsvæðið, í djúpri dæld inn af ströndinni, kunni að hafa verið hróf eða uppsátur. Aðrir kostir hafa verið á blánesinu, austan við þar sem túngarðurinn endar (nr. 301:1). Þar sér móta fyrir skörðum í sjávarbakkann á loftmynd. Túnasléttun getur hafa eytt þessum hrófum.

Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá nákvæmri GPS staðsetningu og ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Rannsóknir á einfaldari fornleifum er gjarnan þverskurður í gegnum þær, hann teiknaður í sniði, ljósmyndaður og gjóskulaga leitað til að aldursgreina eftir atvikum. Rannsóknir á yngri skepnuhúsum geta einskorðast við þverskurði eða að ákveðinn hluti húsanna séu fullransakaðir, ef allt húsið er ekki fullransakað. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

### ***Niðurstaða***

Einar fornleifar eru taldar vera í hæsta minja- og varðveisluflokki, en það eru bæjarhólarnir tveir á miðju túninu. Ef hinar meintu hjáleigurústir eru í raun hjáleigurústir og aldur þeirra hár (eldri en 1550) er ráðlegt að færa þær upp í hæsta minja- og varðveisluflokk. Úr því verður ekki skorið nema með rannsókn.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

### ***Heimildir***

Björn Lárusson. *The old icelandic land registers*. Bindi I af II. C.W.K. Gleerup. Lund 1967.

*Fornleifaskrá*. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

*Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*. Fyrri hluti. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Stofnun Árna Magnússonar. Reykjavík 1983.

*Íslenskt fornbréfasafn* sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár. Gefið út af Hinu ísl. bókmenntafélagi. Sjötta bindi 1245-1491. Reykjavík 1900-1904.

*Íslenskt fornbréfasafn* sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár. Gefið út af Hinu ísl. bókmenntafélagi. Sjöunda bindi 1170-1505. Reykjavík 1903-1907.

*Íslenskt fornbréfasafn* sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár. Gefið út af Hinu ísl. bókmenntafélagi. Tólfta bindi 1200-1554. Reykjavík 1923-1032.

*Jarðatal á Íslandi*, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi úr búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Gefið út af J. Johnsen assesóri í landsyferréttinum. Kaupmannahöfn 1847.

*Johnsen, J. Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágrípi úr búnaðartölum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn 1847.

Jóna Kristín Ámundadóttir og Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskrá Grundaftarbæjar*. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2005.

*Lög um menningarminjar*. Nr. 80 29. júní 2012.

*Manntali á Íslandi árið 1703*. Tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Gefið út af Hagstofu Íslands. Reykjavík 1924-1947.

*Sýslu- og sóknarlýsingar* Hins ísl. bókmenntafélags 1839 – 1874. Snæfellsnes III. Svavar Sigmundsson og Ólafur Haraldsson sáu um útgáfuna. Snæfellingaútgáfan. Reykjavík 1970.

*Sýslulýsingar 1744-1749*. Sögufélag gaf út. Reykjavík 1957.

*Örnefnaskrá*. Skerðingsstaðir. Þorleifur Jóhannesson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum - Örnefnasafn.

---

Bjarni F. Einarsson, fornleifafræðingur.

### ***Fylgirit***

*Fornleifaskrá*: Eyrarsveit Nr. 301-303 og 327-329.

# Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Hverfi</i>	<i>Aðalnr.</i>
<input type="text" value="Snæfellssýsla"/>	<input type="text" value="Eyrarsveit"/>	<input type="text" value="3709"/>	<input type="text"/>	<input type="text" value="301"/>
<i>Landareign</i>	<i>MÍ:Nr</i>	<i>Heiti</i>	<i>Undirnr.</i>	
<input type="text" value="Skerðingsstaðir"/>	<input type="text"/>	<input type="text"/>	<input type="text" value="1"/>	

<i>Skrásetjari</i>	<i>Dags.</i>	<i>GPS Staðsetning</i>	<i>Viðmiðun</i>	<i>M.y.s.</i>	<i>Skekkja</i>
<input type="text" value="Bjarni F. Einarsson."/>	<input type="text" value="24.3.2016"/>	<input type="text" value="N 293003 E 500924"/>	<input type="text" value="Isn 93"/>	<input type="text"/>	<input type="text" value="4"/>

<i>Tegund minja</i>	<i>Tilgáta/Niðurstaða</i>	<i>Verk</i>	<i>Fjöldi</i>				
<input type="text" value="Túngarður"/>	<input type="text"/>	<input type="text" value="Ske 16"/>	<input type="text" value="1"/>				
<i>Hættumat</i>	<i>Hætta</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>	<i>Í eyði</i>	<i>Tímab. hættumat</i>	<i>Tímab. hætta</i>	<i>Á kort?</i>
<input type="text" value="Landeyðing"/>	<input type="text" value="Talsverð"/>	<input type="text" value="Sæmilegt"/>	<input type="text" value="1550-1900"/>	<input type="text"/>	<input type="text" value="Bygginaframkv."/>	<input type="text" value="Talsverð"/>	<input type="text" value="Nei"/>
<i>Minjagildi</i>	<i>Einkunn</i>	<i>Varðveislugildi</i>	<i>Einkunn 2</i>	<i>Friðlýsa?</i>	<i>Friðlýst?</i>	<i>Hvenær</i>	
<input type="text" value="Lítið"/>	<input type="text" value="2"/>	<input type="text" value="Lítið"/>	<input type="text" value="2"/>	<input type="text" value="Nei"/>	<input type="text" value="Nei"/>	<input type="text"/>	

## Lega og staðhættir

Liggur með sjávarbakkanum neðan við þjóðveginn.

## Heimildir og munnmæli

### Lýsing

#### Túngarður.

Garðurinn liggur frá austasta odda nessins og til vesturs fram hjá steiptum gripahúsum og áfram með nesinu. Lengd hans var ekki könnuð sérstaklega. Hann er úr torfi og grjóti, 1-2 m breiður og 0,5 - 1 m hár og nokkuð vel gróinn. Hann er víða rofinn.

Líklega hefur hann legið með nesinu öllu og gæti verið hluti af garðinum sem skráður er undir númerinu 305:1.

GPS var mælt við austasta endann (neðri ljósmynd).

Fyrri lýsing hljóðaði svo: Garðurinn er um 150 m langur, úr jarðvegi og grjóti, um 0,5 - 1 m hár og um 1 - 2 m breiður. Komið er rof í hann á nokkrum stöðum. Nokkur hætta á landbroti á þessum stað. Eflaust hefur hann verið lengri, en búið er að slétta að mestu svæðið austur af garðinum. (Jóna Kristín Ámundadóttir).

### Teikning/ljósmynd



### Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Cannon EOS 550D

### Athugasemdir

Garðurinn var áður skráður þann 8.11.2004. Þá var sá hluti hans sem liggur út á nesið ekki skráður né teiknaður á loftmynd.

# Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táknatala</i>	<i>Hverfi</i>	<i>Aðalnr.</i>
Snæfellssýsla	Eyrarsveit	3709		302
<i>Landareign</i>	<i>MÍ:Nr</i>	<i>Heiti</i>		<i>Undirnr.</i>
Skerðingsstaðir		Skerðingsstaðir		1

<i>Skrásetjari</i>	<i>Dags.</i>	<i>GPS Staðsetning</i>	<i>Viðmiðun</i>	<i>M.y.s.</i>	<i>Skekka</i>
Bjarni F. Einarsson.	24.3.2016	N 292968 E 500851	Isn 93		4

<i>Tegund minja</i>	<i>Tilgáta/Niðurstaða</i>	<i>Verk</i>	<i>Fjöldi</i>				
Bæjarhólar		Ske 16	2				
<i>Hættumat</i>	<i>Hætta</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>	<i>Í eyði</i>	<i>Tímab. hættumat</i>	<i>Tímab. hætta</i>	<i>Á kort?</i>
Ábúð	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900	1961	Bygginaframkv.	Mikil	Já
<i>Minjagildi</i>	<i>Einkunn</i>	<i>Varðveislugildi</i>	<i>Einkunn 2</i>	<i>Friðlýsa?</i>	<i>Friðlýst?</i>	<i>Hvenær</i>	
Hátt	7,5	Hátt	7,5	Nei	Nei		

## Lega og staðhættir

Bærinn stóð áður upp á miðju túni, neðan við þjóðveginn, þar nú að mestu sléttaður hóll.

## Heimildir og munnmæli

Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólksstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* Kaupmannahöfn 1847.  
*Manntal á Íslandi árið 1703.* Tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Gefið út af Hagstofu Íslands. Reykjavík 1924-1947.  
Örnefnaskrá. *Skerðingsstaðir.* Þorleifur Jóhannesson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í ísl. fræðum. Örnefnasafn. **Frh.**

## Lýsing

### Bæjarhólar

Tveir hólar eru á bæjarstæðinu, hóll A og B.

A). Bæjarhóll. Um 20 x 20 m á stærð og 1,4 hár. Ekki er hægt að sjá húsaskipan, en í hólnum norðanverðum er rúst og í honum sunnanverðum liggur garður yfir hólinn. Hóllinn er vel gróin grasi.

B). Bæjarhóll. Um 29 x 36 m í á stærð (NA - SA). Ekki er hægt að sjá húsaskipan, en við hólinn norðanverðan er lítil rúst og önnur í honum austanverðum. Á suðurhluta hólsins má víða sjá grjót og grjóthleðslur. Hóllinn er vel gróin grasi.

Á milli hólanna er gerði, líklega kálgarður, og tengir gerðið hólana saman.

Báðir hólarnir hafa verið sléttaðir í seinni tíð. Sléttunin hefur aðeins haft áhrif á ynstu minjarnar á staðnum, en undir eru eldri minjar sem geta verið býsna fornar. Bæjarins er getið í Manntali frá 1703.

Fyrri lýsing hljóðaði svo: 2 rústahólar sem eru nokkuð stórir eða um 20 x 20 m stórir hvor um sig. Erú báðir að mestu sléttaðir, en nokkuð er af grjóti á yfirborðinu. Svæðið nokkuð þýft - sína. (Jóna Kristín Ámundadóttir).

## Athugasemdir

Bæjarhólarnir var áður skráður þann 8.11.2004. Þá var sá hluti hans sem liggur út á nesið ekki skráður né teiknaður á loftmynd.

## Teikning/ljósmynd



## Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Cannon EOS 550D

# Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táknatala</i>	<i>Hverfi</i>	<i>Aðalnr.</i> <b>303</b>
Snæfellssýsla	Eyrarsveit	3709		
<i>Landareign</i>	<i>MÍ:Nr</i>	<i>Heiti</i>		<i>Undirnr.</i> <b>1 - 2</b>
Skerðingsstaðir		Tröð?		

<i>Skrásetjari</i>	<i>Dags.</i>	<i>GPS Staðsetning</i>	<i>Viðmiðun</i>	<i>M.y.s.</i>	<i>Skekkja</i>
Bjarni F. Einarsson	24.3.2016	N 64°56.52 W 023°22.91	WGS		<10

<i>Tegund minja</i>	<i>Tilgáta/Niðurstaða</i>	<i>Verk</i>	<i>Fjöldi</i>
Rústir		Ske 16	2
<i>Hættumat</i>	<i>Hætta</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>
Landeyðing	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900
<i>Í eyði</i>	<i>Tímab. hættumat</i>	<i>Tímab. hætta</i>	<i>Á kort?</i>
	Bygginaframkv.	Talsverð	Nei
<i>Minjagildi</i>	<i>Einkunn</i>	<i>Varðveislugildi</i>	<i>Einkunn 2</i>
Talsvert	7	Talsvert	7
<i>Friðlýsa?</i>	<i>Friðlýst?</i>	<i>Hvenær</i>	
Nei	Nei		

## Lega og staðhættir

Staðsettar austan við læk um 150 m SA af Skerðingsstöðum, neðan þjóðveggar og við ströndina.

## Heimildir og munnmæli

Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kaupmannahöfn 1847.*  
*Manntal á Íslandi árið 1703.* Tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Gefið út af Hagstofu Íslands. Reykjavík 1924-1947.  
 Örnefnaskrá. *Skerðingsstaðir.* Þorleifur Jóhannesson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í isl. fræðum. Örnefnasafn.

## Lýsing

### Rústir.

Um er að ræða rústir á svæði sem er um 40 x 20 m stórt og liggur N - S. eru báðar rústirnar nokkuð litlar og eru í hættu vegna landbrots sem er mikið á þessu svæði.

Rétt austan við rústirnar sem hér eru skráðar, eru fleiri rústir fremst á sjávarbakkanum. Þær virðast mun eldri.

Í Manntali frá 1703 er Skerðingsstaðakots ekki getið, en aftur á móti er þriggja hjáleiga getið í landi Skerðingsstaða, Bakki (Bakkahjáleiga hjá Johnsen 1847), Fornakot og Tröð. Bæði Tröð og Fornakot koma til greina sem heiti á þessum hugsanlegu hjáleigurústum (kotrústum), sérstaklega heitið *Tröð*, enda er vað á læknum vestan við rústirnar, rétt fyrir neðan þjóðveginn. Þangað gátu traðir Skerðingsstaða hafa náð.

Í örnefnaskrá Skerðingsstaða segir að syðst í túninu sé stór flöt er *Kottún* heitir. Rústirnar eru á þessari flöt.

## Teikning/Ljósmynd



## Ljósmynd



Ljósmyndari

Jóna Kristín Ámundadóttir

Filma nr./teg. myndar

Olympus Cemedica

## Athugasemdir

Rústirnar voru áður skráðar þann 9.11.2004. Minja- og varðveislugildi hefur verið hækkað vegna þess að líklega stóð þarna kotið Skerðingsstaðakot, enda eru fleiri rústir austan við þær sem nú voru skráðar.

# Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Hverfi</i>	<i>Aðalnr.</i>
Snæfellssýsla	Eyrarsveit	3709		303
<i>Landareign</i>	<i>MÍ:Nr</i>	<i>Heiti</i>	<i>Undirnr.</i>	
Skerðingsstaðir		Tröð?	1	

<i>Skrásetjari</i>	<i>Dags.</i>	<i>GPS Staðsetning</i>	<i>Viðmiðun</i>	<i>M.y.s.</i>	<i>Skekkja</i>
Bjarni F. Einarsson	24.3.2016	N 293032 E 500703	Isn 93		3

<i>Tegund minja</i>	<i>Tilgáta/Niðurstaða</i>	<i>Verk</i>	<i>Fjöldi</i>
Rúst	Kot	Ske 16	1
<i>Hættumat</i>	<i>Hætta</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>
Landeyðing	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900
<i>Í eyði</i>	<i>Tímab. hættumat</i>	<i>Tímab. hætta</i>	<i>Á kort?</i>
	Bygginaframkv.	Talsverð	Nei
<i>Minjagildi</i>	<i>Einkunn</i>	<i>Varðveislugildi</i>	<i>Einkunn 2</i>
Lítið	4	Lítið	4
<i>Friðlýsa?</i>	<i>Friðlýst?</i>	<i>Hvenær</i>	
Nei	Nei		

## Lega og staðhættir

Staðsett við læk um 150 m SA af Skerðingsstöðum, austur af girðingu á sjávarbakka.

## Heimildir og munnmæli

*Manntal á Íslandi árið 1703.* Tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Gefið út af Hagstofu Íslands. Reykjavík 1924-1947. Örnefnaskrá. *Skerðingsstaðir.* Þorleifur Jóhannesson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í ísl. fræðum. Örnefnasafn.


## Lýsing

### Rúst.

7 x 6 m (N - S).

Veggir voru úr torfi og grjóti, um 0.4 - 1 m háir og um 1 m breiður. Allt að 4 hleðslulög greinanleg. V- og N hlið vantar alveg (vegna sléttunar?). Sá hluti rústarinnar sem gæti hafa verið vestan girðingarinnar hefur verið séttadur að fullu.

## Teikning/ljósmynd



## Ljósmynd



*Ljósmyndari*

Bjarni F. Einarsson

*Filma nr./teg. myndar*

Cannon EOS 550D

## Athugasemdir

Rústirnar voru áður skráðar þann 9.11.2004. Minja- og varðveislugildi hefur verið hækkað vegna þess að líklega stóð þarna kotið Skerðingsstaðakot, enda eru fleiri rústir austan við þær sem nú voru skráðar.

# Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táknatala</i>	<i>Hverfi</i>	<i>Aðalnr.</i>
Snæfellssýsla	Eyrarsveit	3709		303
<i>Landareign</i>	<i>MÍ:Nr</i>	<i>Heiti</i>	<i>Undirnr.</i>	
Skerðingsstaðir		Tröð?	2	

<i>Skrásetjari</i>	<i>Dags.</i>	<i>GPS Staðsetning</i>	<i>Viðmiðun</i>	<i>M.y.s.</i>	<i>Skekka</i>
Bjarni F. Einarsson	24.3.2016	N 293027 E 500665	Isn 93		3

<i>Tegund minja</i>	<i>Tilgáta/Niðurstaða</i>	<i>Verk</i>	<i>Fjöldi</i>
Rúst	Kot	Ske 16	1
<i>Hettumat</i>	<i>Hætta</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>
Landeyðing	Lítill	Sæmilegt	1550-1900
<i>Í eyði</i>	<i>Tímab. hettumat</i>	<i>Tímab. hætta</i>	<i>Á kort?</i>
	Bygginnaframkv.	Talsverð	Nei
<i>Minjagildi</i>	<i>Einkunn</i>	<i>Varðveislugildi</i>	<i>Einkunn 2</i>
Talsvert	7	Talsvert	7
<i>Friðlýsa?</i>	<i>Friðlýst?</i>	<i>Hvenær</i>	
Nei	Nei		

## Legga og staðhættir

Staðsett um 30 m austur af læk, um 150 m SA af Skerðingsstöðum og um 20 m suður af rúst nr. 303:1. Á sjávarbakka.

## Heimildir og munnmæli

*Manntal á Íslandi árið 1703.* Tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Gefið út af Hagstofu Íslands. Reykjavík 1924-1947. Örnefnaskrá. *Skerðingsstaðir.* Þorleifur Jóhannesson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í ísl. fræðum. Örnefnasafn.

## Lýsing


### Rúst.

10 x 6 m (NNA - SSV).

Veggir úr torfi og grjóti, um 0.3 - 1 m háir og um 2 m breiðir. Eitt hólf og NNA gaflinn er nær ósýnilegur. Dyr hafa verið við þann gafl mót ANA. Steinar sjást á stöku stað. Vel gróin grasi og þýfð.

Um 25 m SA af rústinni, við sjóinn er líklega önnur rúst, 4 x 6 m stór. Fleiri rústir gætu leynst þar. Þær voru ekki skráðar nú.

## Teikning/ljósmynd



## Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Cannon EOS 550D

## Athugasemdir

Rústirnar voru áður skráðar þann 9.11.2004. Minja- og varðveislugildi hefur verið hækkað vegna þess að líklega stóð þarna kotið Skerðingsstaðakot, enda eru fleiri rústir austan við þær sem nú voru skráðar.

# Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Tákntala</i>	<i>Hverfi</i>	<i>Aðalnr.</i>
Snæfellssýsla	Eyrarsveit	3709		327
<i>Landareign</i>	<i>MÍ:Nr</i>	<i>Heiti</i>		<i>Undirnr.</i>
Skerðingsstaðir				1

<i>Skrásetjari</i>	<i>Dags.</i>	<i>GPS Staðsetning</i>	<i>Viðmiðun</i>	<i>M.y.s.</i>	<i>Skekka</i>
Bjarni F. Einarsson.	24/3 2016	N 293019 E 500714	Isn 93		3

<i>Tegund minja</i>	<i>Tilgáta/Niðurstaða</i>	<i>Verk</i>	<i>Fjöldi</i>
Túngarður		Ske 16	1
<i>Hættumat</i>	<i>Hætta</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>
Landeyðing	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900
<i>Í eyði</i>	<i>Tímab. hættumat</i>	<i>Tímab. hætta</i>	<i>Á kort?</i>
	Byggingaframkv.	Talsverð	Nei
<i>Minjagildi</i>	<i>Einkunn</i>	<i>Varðveislugildi</i>	<i>Einkunn 2</i>
Lítið	2	Lítið	2
<i>Friðlýsa?</i>	<i>Friðlýst?</i>	<i>Hvenær</i>	
Nei	Nei		

## Lega og staðhættir

Á vestanverðum lækjarbakka, neðan við þjóðveg.

## Heimildir og munnmæli

### Lýsing

#### Túngarður.

Um 29 m langur (ANA - VSV), 1,2 m breiður og 0,4 - 0,6 m hár. Úr torfi og grjóti. 10 m frá austur enda er hlið, 2 m á breidd. Garðurinn hefur líklega legið lengra og nær sjónum og gæti hafa verið sami túngarður og nr. 301.1. GPS var mælt við austurenda. Neðarlega við lækinn gæti leynst garður sem þverar lækinn (stýfla).

### Teikning/ljósmynd



### Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Cannon EOS 550D

### Athugasemdir

--

# Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táknatala</i>	<i>Hverfi</i>	<i>Aðalnr.</i>
Snæfellssýsla	Eyrarsveit	3709		328
<i>Landareign</i>	<i>MÍ:Nr</i>	<i>Heiti</i>		<i>Undirnr.</i>
Skerðingsstaðir				1

<i>Skrásetjari</i>	<i>Dags.</i>	<i>GPS Staðsetning</i>	<i>Viðmiðun</i>	<i>M.y.s.</i>	<i>Skekki</i>
Bjarni F. Einarsson.	24/3 2016	N 292955 E 500729	Isn 93		3

<i>Tegund minja</i>	<i>Tilgáta/Niðurstaða</i>	<i>Verk</i>	<i>Fjöldi</i>				
Garður?	Túngarður	Ske 16	1				
<i>Hættumat</i>	<i>Hætta</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>	<i>Í eyði</i>	<i>Tímab. hættumat</i>	<i>Tímab. hætta</i>	<i>Á kort?</i>
Ábúð	Lítill	Lélegt	1550-1900		Byggingaframkv.	Mikil	Nei
<i>Minjagildi</i>	<i>Einkunn</i>	<i>Varðveislugildi</i>	<i>Einkunn 2</i>	<i>Friðlýsa?</i>	<i>Friðlýst?</i>	<i>Hvenær</i>	
Lítið	4	Lítið	4	Nei	Nei		

## Lega og staðhættir

Liggur niður slétt tún neðan við þjóðveg.

## Heimildir og munnmæli

### Lýsing

#### Garður?

Um 100 m langur (NA - SV), um 2 m breiður og 0,1 m hár. Vel gróinn og afar ógreinilegur og því ekki fullvíst að um mannvirki sé að ræða. Hinn meinti garður hefur líklega legið fram nesið og niður að sjó.

GPS var mælt við SV - endann, á milli þjóðvegur og girðingar.

### Teikning/ljósmynd



### Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Cannon EOS 550D

### Athugasemdir

--

# Fornleifaskrá

<i>Sýsla</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táknatala</i>	<i>Hverfi</i>	<i>Aðalnr.</i>
Snæfellssýsla	Eyrarsveit	3709		329
<i>Landareign</i>	<i>MÍ:Nr</i>	<i>Heiti</i>		<i>Undirnr.</i>
Skerðingsstaðir		Bakki/Bakkahjáleiga?		1

<i>Skrásetjari</i>	<i>Dags.</i>	<i>GPS Staðsetning</i>	<i>Viðmiðun</i>	<i>M.y.s.</i>	<i>Skekka</i>
Bjarni F. Einarsson.	24/3 2016	N 292840 E 500881	Isn 93		3

<i>Tegund minja</i>	<i>Tilgáta/Niðurstaða</i>	<i>Verk</i>	<i>Fjöldi</i>				
Rúst	Kot	Ske 16Rúst	1				
<i>Hættumat</i>	<i>Hætta</i>	<i>Ástand</i>	<i>Aldur</i>	<i>Í eyði</i>	<i>Tímab. hættumat</i>	<i>Tímab. hætta</i>	<i>Á kort?</i>
Ábúð	Lítill	Sæmilegt	1550-1900		Byggingaframkv.	Talsverð	Nei
<i>Minjagildi</i>	<i>Einkunn</i>	<i>Varðveislugildi</i>	<i>Einkunn 2</i>	<i>Friðlýsa?</i>	<i>Friðlýst?</i>	<i>Hvenær</i>	
Talsvert	7	Talsvert	7	Nei	Nei		

## Lega og staðhættir

Um 20 m vestur af steiptum gripahúsarústum, fremst á sjavarkambi fast innan við túngarð. Í túni.

## Heimildir og munnmæli

*Manntal á Íslandi árið 1703.* Tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín. Gefið út af Hagstofu Íslands. Reykjavík 1924-1947. Örnefnaskrá. *Skarðingsstaðir.* Þorleifur Jóhannesson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í ísl. fræðum. Örnefnasafn.

## Lýsing

### Rúst.

Við hól sem er 7 - 18 m stór (NV - SA). Veggir úr torfi og grjóti, um 1,5 - 2 m breiðir og 0,1 - 0,2 m háir. Hugsanlega hafa dyr snúið mót NV, að sjónum. Sú rúst sem sést er um 7 - 8 m löng og 4 m breið.

Að suðaustanverðu gæti leynst hlaða.

Hugsanlega geymir hóllinn enn eldri minjar en þær sem nú sjást.

Í Örnefnaskrá segir að vestast á nesinu, eða tanganum sé tóft sem Bakkatóft nefnist. Líklega hefur hjáleigan Bakki eða Bakkahjáleiga staðið þar fyrrum, þó yngri gripahús sé líklega ofan á henni nú. Hafi Bakki staðið þarna er ekki ólíklegt að rústasvæðið kunnist hafa verið stærra og þá náð lengra til suðausturs.

## Teikning/ljósmynd



## Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Cannon EOS 550D

## Athugasemdir

--